

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri



Sjálfsmatsskýrsla

2017-2018

Inngangur

Starfsárið 2017-2018 var innra starf skólans metið út frá mörgum fjölbreytinlegum þáttum sem helstir eru þessir:

- Nemendakönnun Skólapúlsins, nemendur 6. – 10. Bekkjar
- Foreldrakönnun skólapúlsins
- Samræmd könnunarpróf
- Viðhorfskönnun starfsmanna til heilsueflingar
- Könnun um líðan og hagi nemenda hjá Rannsókn og greiningu

Nemendakönnun skólapúlsins

Matsteymi rýndi í niðurstöður könnunarinnar og dró út þætti sem annað hvort vöktu athygli teymisins eða sýndu afgerandi breytingar frá fyrri könnunum. Á heimasíðu skólans er að finna skýrslu sem sýnir helstu niðurstöður og eru eftirfarandi þættir fengnir úr skýrslunni:

- Agi í skólastofu er að aukast og er yfir landsmeðaltali
- Trú nemenda á eigin getu í námi stendur í stað, er undir landsmeðaltali
- Nemendur hreyfa sig ennþá minna en landsmeðaltal gefur upp, nemendur Barnaskólans eru 22% undir meðaltali.
- Ánægja af lestri er að aukast og er nú yfir landsmeðaltali
- Vísbendingar eru um aukningu eineltis.

Foreldrakönnun Skólapúlsins

Eftirfarandi þættir vöktu athygli matsteymis og eru hér dregnir út til frekari umfjöllunar:

- Ánægja með stjórnun skólans er rúmum 15% lægri en á landsvísu
- Foreldrar nemenda við Barnaskólann eru ekki eins ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda, rúm 6% undir landsmeðaltali
- Mikil ánægja með úrvinnslu á eineltismálum, rúm 7% yfir meðaltali
- Ánægja foreldra með skólamötuneyti er 18% minni en á landsvísu
- Foreldrar eru ekki nægilega upplýstir um stefnu skólans og námskrá, 13% undir landsmeðaltali
- Kvartað er undan tölvustofu á Eyrbakka.

Viðhorfskönnun starfsmanna til heilsueflandi grunnskóla

Barnaskólinn á Eyrbakka og Stokkseyri hóf innleiðingu á heilsueflandi grunnskóla í sitt staft skólaárið 2016-2017. Viðhorfskönnun var lögð fyrir starfsmenn til þeirrar vinnu. Helstu niðurstöður þeirra könnunar voru þessar:

- Afgerandi jákvæð viðhorf starfsmanna til að taka þátt í innleiðingu heilsueflandi grunnskóla í skólastarf Barnaskólans.
- Meirihluti starfsmanna líður vel á vinnustað
- Fjórðungur starfsmanna upplifir álag í starfi.

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk

Í heildina eru stjórnendur og kennarar sáttir við niðurstöður kannana. Vissulega er alltaf rúm fyrir framfarir og greindu kennarar niðurstöðurnar með stjórnendum. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Lesskilningur nemenda verður slakari á miðstigi.
- Ritunarþætti nemanda á mið- og unglingastigi er ábótavant
- Einstakir þættir stærðfræðinnar þarfnast meiri athygli í 7. og 10. bekk

Niðurstöður Rannsóknar og greiningar

Árlega fara stjórnendur skólanna í Árborg saman yfir niðurstöður um líðan og hagi nemenda í sveitarfélaginu og kynna kennurum og öðru starfsfólki. Niðurstöður fyrir árið 2016 voru helst þessar:

- Aukin kvíða er að finna hjá unglingsstúlkum í Árborg
- Drengir verja miklum tíma í síma, eða tölvur.

Tillögur að úrbótum

Stjórnendur vilja leggja til eftirfarandi úrbætur á innra starf Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri skólaárið 2017-2018:

1. Áfram verði unnið með kvíða stúlkna og óskað eftir frekar forvarnarfræðslu varðand net- og síma- og tölvunotkun.
2. Gott eineltisteymi skólans verði stutt og umsjónakennarar studdir í baráttunni gegn einelti
3. Áfram verði unnið með heilsueflingu nemenda og starfsmanna. Starfsmenn fái áfram tvisvar sinnum í viku að stunda heilsurækt á vinnutíma, kennarar í tvær kennslustundir og aðrir starfsmenn í hlutfalli við ráðningarhlutfall. Byrjað var á þessu um miðjan síðasta vetur og mæltist þetta vel fyrir
4. Keyptar verði nýjar tölvur í tölvuver á Eyrarbakka og tölvuver fært í nútímalegt horf
5. Keyptir verði salatbarir í bæði skólahúsnæði með það að markmiði að auka ánægju með skólamáltíðir
6. Stjórnendur greini með hvaða hætti hægt er að auka ánægju foreldra með stjórnun skólans. Séð til þess að á heimasíðu geti foreldrar fræðst um námsskrár og stefnu skólans, að þar verði þeir hlutir sýnilegri en fyrr. Lagt til að það verði einnig kynnt á skólavöku skólans sem fyrirhuguð er í lok september 2018.
7. Að stjórnendur tryggji nemendum þann stuðning sem þeim ber að fá. Stjórnendur stuðji og verji störf kennara og sjái til þess að börn með rétt á aukinni þjónustu fá þá þjónustu sem þeim ber að fá.

Stokkseyri og Eyarbakki, júní 2018

Páll Sveinsson, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Pálsdóttir, deildarstjóri